Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
21. október 2010
42. tbl. · 27. árg.



Fann hamingjuna í Hnífsdal

„Það er alveg merkilegt hvað ég hef gert marga gáfulega hluti í lífinu," segir sópransöngkonan Guðrún Jónsdóttir. Í miðopnuviðtali talar hún um sönglífið, glímuna við veikindi barns, kjarkinn til að skipta um stefnu í lífinu og tilviljanir sem eru engar tilviljanir, heldur virðast standa skrifaðar í skýin.

Gengur á 365 fjallstoppa á ári

Þorsteinn Jakobsson göngugarpur gekk upp á topp á fjallinu Erni í Skutulsfirði á föstudag til vekja athygli á Ljósinu, endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda. Í tilefni af 5 ára afmælisári Ljóssins ætlar hann að ganga 365 toppa á einu ári og hefur hann nú þegar gengið á 326 toppa. Hann ætlar að ganga síðasta topp-inn eða á Esjuna þann 11. desember. Hann hefur tvisvar áður gengið til styrktar Ljósinu, nú síðast í maí þegar hann gekk tíu tinda á 12½ klukkutíma.

„Það var æðislegt að ganga upp á Erni, við fórum í svo fallegu veðri, sjórinn rennisléttur og þetta er ofboðslega fallegt fjall," sagði Þorsteinn er hann kom af fjalli. „Vestfirðir voru eini landshlutinn sem var eftir og því var alveg tilvalið að velja Ísafjörð, annars á ég eflaust eftir að fara á fleiri toppa fyrir vestan en ég er í leiðsöguskóla hér vestra."

Þorsteinn byrjaði fjallagönguna miklu þann 1. janúar þegar hann gekk á Helgafell. Síðan hefur hann gengið á toppa að meðaltali sex daga í viku um allt land. Er gengið verður á síðasta tindinn þann 11. desember verða allir göngufærir hvattir til að slást í för með Þorsteini og að búa til svokallaðan Ljósafoss frá toppi Esjunnar og niður að rótum. Þá verða allir göngumenn með ljós á leiðinni niður í rökkrinu sem þá verður skollið á.

Þorsteinn Jakobsson og Jón Theódórsson fjallaleiðsögumaður að göngu lokinni.

Markmiðið með uppátækinu er að safna fyrir framtíðarhúsnæði Ljóssins á afmælisárinu. „Við erum á lokasprettinum en þetta er mjög mikilvægt málefni. Sem dæmi má benda á að komurnar í Ljósið í september voru 250 svo það er brýn þörf fyrir framtíðarhúsnæði." Þorsteinn hvetur fólk til að leggja hönd á plóg með því að styrkja verkefnið. „Það þarf ekki að vera mikið, 500 eða 1000 krónur t.d. gerir mjög mikið," bætir hann við.

Þeir sem vilja styrkja gönguna miklu er bent á styrktarsjóð Ljóssins: 0130-26-410520 kt. 590406-0740.

– thelma@bb.is

Emil er fínasta fjölskylduskemmtun

Emil í Kattholti var frumsýndur í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag við góðar undirtektir leikhúsgesta. Sýningin einkennist af mikilli gleði, litadýrð, söng og glettni þar sem Kattholt og fleiri staðir í Smálöndunum í Svíþjóð birtast ljóslifandi fyrir áhorfandanum. Valinn maður var í hverju rúmi og stóðu þaulreyndir leikarar og nýgræðingar sig afar vel. Sérstaka athygli vakti hve unga kynslóðin stóð sig vel og voru Pétur Ernir Svavarsson og Þuríður Kristín Þorsteinsdóttir þar í fararbroddi sem Emil og Ida.

Frá æfingu á Emil í Kattholti. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Uppfærslan er afar trú sögum Astrid Lindgren um prakkarann og svíkur því engan sannan Emils-aðdáanda. Það er ekki að ástæðulausu að enn þann dag í dag sé Emil að eignast nýja aðdáendur enda ótrúlegustu ævintýr sem drengurinn gat komið sér í með fljótfærni sinni og hugviti. Hann mátti þó eiga það að skammarstrikin voru aldrei framin af vonsku og hann gerði aldrei sama skammarstrikið tvisvar. Það skín berlega í gegn í uppfærslu Litla leikklúbbsins.

Hátt í 20 leikarar koma við sögu í sýningunni auk þess sem fjöldi fólks starfar á bakvið tjöldin, leikmyndasmiðir, búningahönnuðir og fleira. Uppfærslan er með þeim viðameiri sem Litli leikklúbburinn hefur ráðist í á 45 ára sögu klúbbsins. Reynslan sýndi sig berlega þar sem allt var vel úr garði gert enda er um 80. sýningu félagsins að ræða. Leikstjóri er Elfar Logi Hannesson sem stýrði þessum stóra leikarahópi með prýði.

Áberandi var að í áhorfendahópnum skemmtu fullorðnir sér jafn vel og börnin og er því óhætt að mæla með leikverkinu fyrir hvern þann sem er á höttunum eftir fjölskylduskemmtun.

– thelma@bb.is

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Bólusetning gegn infúensu haustið 2010

Nú er hafin bólusetning á heilsugæslustöðvunum í Bolungarvík, Ísafjarðarbæ og í Súðavík. Allir eldri en 60 ára ásamt börnum og fullorðnum sem hafa langvinna eða illkynja sjúkdóma, eru hvattir til að láta bólusetja sig.

Hægt er að mæta í bólusetninguna á Ísafirði milli kl. 14:00 og 15:30 alla virka daga. Bólusetningin kostar kr. 1.000.- auk komugjalds (400-1.000 kr.). Sextíu ára og eldri greiða aðeins komugjald.

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá fleiri sparnaðartilboð á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **21. - 24. október**

398 kr./kg

Ódýrt lambasaltkjöt
frá Kjötseli

Fersk BBQ-sósa með ananasi og appelsínu
...sjá uppskrift á samkaupurval.is

999 kr./kg

Ungnautahakk
frá Bautabúrinu

1.189 kr./kg

Svínahnakki
úr kjötborði eða pakkaður ferskur

Kantalúpur – ríkar af karótíni, B- og C vítamíni
"Kantalúpu- og kjúklingasalat með vínberjum og möndlum"...sjá uppskrift

1.485 kr./kg

Svínalundir
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

248 kr/stk — Pestó 190 g
149 kr/pk — Pastakuðungar 500 g
149 kr/pk — Pastaskrúfur 500 g

Coop – gæði og gott verð!

699 kr./kg

Heill, ferskur kjúklingur
frá Ísfugli

299 kr/pk — Jarðarber 500 g
199 kr/pk — Grænmetisblöndur; amerísk 650 g, hollensk 750 g
299 kr/pk

Fryst ferskt frá Coop

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Halldór Halldórsson var kvaddur með pompi og prakt í móttöku á föstudag.

Kveðjuhóf til heiðurs Halldóri Halldórssyni

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar kvöddu Halldór Halldórsson, fyrrum bæjarstjóra, í móttöku sem haldin var á föstudag í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Eins og kunnugt er ákvað Halldór í upphafi síðasta kjörtímabils að hann myndi ekki gefa kost á sér að nýju sem bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins. Hann lét bæjarstjórastólinn af hendi í vor eftir að hafa setið sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar frá vori 1998.

Að sögn Birnu Lárusardóttur, samstarfskonu Halldórs til margra ára, var athöfnin látlaus og stutt en afar vel heppnuð. Við þetta tækifæri var Halldóri færð að gjöf endurprentun af málverki af Ögri í Ísafjarðardjúpi. Málverkið sem málað var af Jóni Hróbjartssyni hefur hangið í langan tíma á skrifstofu bæjarstjóra. „Halldór var mjög ánægður með gjöfina og hafði að orði að menn hefðu ekki getað fært honum meira viðeigandi gjöf, enda hann sjálfur úr Ögri,“ segir Birna.

Skálað var í óáfengu og boðið upp á fingramat með. „Móttakan fór mjög vel fram og Halldór sjálfur var ánægður eftir því sem best ég veit,“ segir Birna.

HÚSAFRIÐUNARNEFND

Styrkir úr Húsafriðunarsjóði 2011

Húsafriðunarnefnd auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Húsafriðunarsjóði fyrir árið 2011.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr sjóðnum til:

a. ráðgjafar og áætlunargerðar vegna endurbóta á friðuðum byggingum,

b. endurbóta á friðuðum byggingum.

Húsafriðunarnefnd er einnig heimilt að veita styrki til:

c. ráðgjafar og áætlunargerðar vegna endurbóta á öðrum byggingum en friðuðum sem að dómi nefndarinnar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi,

d. endurbóta á öðrum byggingum en friðuðum sem að dómi Húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi,

e. gerð byggða- og húsakannana,

f. útgáfu byggða- og húsakannana,

g. byggingarsögulegra rannsóknarverkefna og útgáfu rita um þær.

Styrkveitingin er háð því að við framkvæmdir sé þeim áætlunum, upplýsingum og umsóknum fylgt sem Húsafriðunarnefnd samþykkir.

Umsóknarfrestur er til **1. desember 2010.**

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Húsafriðunarnefndar **husafridun.is** eða í síma 570 1300.

Í þessu samhengi skal sérstaklega bent á leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar og Húsverndarstofu um viðhald og viðgerðir eldri húsa í Minjasafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.

Húsafriðunarnefnd,
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Hádegisverðarfundur um efnahagsumhverfi fyrirtækja

Dagskrá:

Kl. 12:00 Húsið opnað

Kl. 12:15 H. Magnús Sigurjónsson setur fundinn

Kl. 12:25 Ingólfur Bender „Kemst þó að hægt fari"

Kl. 12:55 Umræður og fyrirspurnir

Kl. 13:10 Fundi slitið

Hótel Ísafirði þriðjudaginn 26. október

Íslandsbanki býður fulltrúum fyrirtækja til fundar um efnahagsmál.

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka heldur erindi og tekur svo við spurningum úr sal.

Fundurinn er opinn öllum og aðgangur ókeypis. Boðið verður upp á léttan hádegisverð fyrir fundargesti.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með því að hringja í **síma 440 3156** eða senda tölvupóst á póstfangið **gudny.gudnadottir@islandsbanki.is**

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

Vestfirðingum fækkaði ört síðustu þrjá mánuði. Myndin er af fallegum haustdegi í Skutulsfirði.

Fækkaði um 121 á þremur mánuðum

Í lok þriðja ársfjórðungs 2010 bjuggu 7.210 manns á Vestfjörðum, 3.690 karlar og 3.525 konur. Er það fækkun um 121 frá því um í byrjun júlí samkvæmt tölum Hagstofunnar. Flestir bjuggu í Ísafjarðarbæ eða 3.800 manns, því næst kom Bolungarvík með 940 íbúa og Vesturbyggð með 920. Í Strandabyggð bjuggu 510 manns, 310 í Tálknafjarðarhreppi, 280 í Reykhólahreppi, 190 í Súðavíkurhreppi, 100 manns í Bæjarhreppi og 110 í Kaldrananeshreppi. Árneshreppur með 50 íbúa en það er fámennasta sveitarfélagið á landinu. Erlendir ríkisborgarar voru 665. Þess má geta að í byrjun þessa árs voru 7.362 íbúar með fasta búsetu á Vestfjörðum og þegar litið er til síðustu fimm ára hefur árleg fækkun á Vestfjörðum verið 0,9%.

Engin fjölgun var frá fyrra ársfjórðungi á fjölda landsmanna. Í lok þriðja ársfjórðungs bjuggu 318.200 manns á Íslandi, 160.000 karlar og 158.200 konur. Erlendir ríkisborgarar voru 21.500. Á höfuðborgarsvæðinu einu bjuggu 201.900 manns. Á tímabilinu fluttust frá landinu 510 einstaklingar umfram aðflutta. Brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang voru 920 umfram aðflutta, en aðfluttir erlendir ríkisborgarar voru 410 fleiri en þeir sem fluttu frá landinu. Jafnmargir karlar og konur fluttu frá landinu.

Danmörk var helsti áfangastaður brottfluttra íslenskra ríkisborgara, en þangað fluttust 650 manns í ársfjórðungnum af 1.900 alls. Næstflestir fóru til Noregs eða 540. Flestir erlendir ríkisborgarar fluttust til Póllands eða 230 manns af 640. Flestir aðfluttir íslenskir ríkisborgarar komu frá Danmörku (400), Noregi (180) og Svíþjóð (140), samtals 710 manns af 980. Erlendir ríkisborgarar voru hins vegar flestir frá Póllandi, 290 af alls 1.100 erlendum innflytjendum.

Spurningin

Eiga Íslendingar að skipta um gjaldmiðil eða tengja krónuna við erlenda mynt?

Alls svöruðu 433.
Já sögðu 228 eða 53%
Nei sögðu 205 eða 47%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðlæg átt 5-13 m/s, hvassast austantil. Dálítil él norðantil á landinu, en að mestu léttskýjað syðra. Hiti um og yfir frostmarki. **Horfur á laugardag:** Norðanátt, víða 8-13 m/s með slyddu eða snjókomu en þurrt að mestu sunnantil. Áfram svalt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Svipað veður áfram.

Ritstjórnargrein

Uppvakningar

Fyrir nokkru bloggaði þingmaðurinn Mörður Árnason um ágreining þeirra Kristjáns Þórs Júlíussonar, þingmanns, vegna viðbragða Kristjáns við niðurskurðinum sem fyrirhugaður er í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Kristján er þó langt í frá eini þingmaðurinn sem í þeim efnum hefur látið að sér kveða. En Mörður segir: „Við eigum annars að hætta þessu eilífa karpi um höfuðborg og landsbyggð. Hvert byggt ból hefur sína kosti og sína ókosti – og við jafnaðarmenn teljum að *innan vissra marka eigi að ríkja jafnræði um allt land um aðgang að grunnþjónustu. Til þess er sjálfsagt að við leggjum ýmislegt á okkur.*“ (Leturbr.BB) Hér líkur tilvitnun án þess að þingmaðurinn greini nánar frá hvar hann dregur mörkin, sem hann segist tilbúinn að leggja talsvert á sig til að viðhalda. En svo hrekkur borgarbúinn heldur betur í gírinn:

„Á þeim örlagatímum sem við lifum nú í landinu gengur hinsvegar ekki að setja enn einu sinni af stað þennan kunnuglega væl þar sem breitt er yfir innri mistök, mótsagnir og óstjórn með sameiginlegu bauli á allt og alla „fyrir sunnan“. Og svo kveikt í rakettunum sem ganga undir nafninu þingmenn landsbyggðarinnar og ráða úrslitum á alþingi óháð almannahag – sem oftast fer hinsvegar saman við hagsmuni þeirra rúmlega sex af hverjum tíu Íslendingum sem sagan og forlögin hafa valið bústað í Reykjavík og stórnágrenni.“ Og til áherslu: „Kannski væri það skynsamleg hagræðing að rústa kjördæmakerfinu?“

Stutt er síðan íbúar Fjallabyggðar fögnuðu mikilvægum áfanga í samgöngumálum. Þröskuldi milli byggðakjarnanna Siglufjarðar og Ólafsfjarðar var rutt úr vegi með opnun Héðinsfjarðarganganna.

Enginn þurfti að fara í grafgötur um kostnaðinn við verkið. Engin leynd hvíldi yfir höfðatölu íbúanna, sem héðan í frá geta með öruggum hætti komist leiðar sinnar innan héraðs árið um kring. Vestfirðingar, sem fyrir stuttu fögnuðu tilvist Bolungarvíkurganga, skynja ef til vill öðrum betur hvaða þýðingu bættar samgöngur hafa fyrir íbúa strjálbýlisins.

BB telur sig ekki vera að setja sig á háan hest þótt spurt sé hvaða tilgangi það þjónar að sjónvarpsstöð tíundi fyrir alþjóð hvað Héðinsfjarðargöngin kostuðu per fjögurra manna fjölskyldu í sveitarfélaginu og að kostnaðurinn væri meiri en samanlagt matsverð allra bygginga, hvaða hlutverki sem þær gegna, auk allra lóða og lenda í byggðarlaginu? Var kannski verið að ía að því að ríkið hefði betur látið ógert að bora göngin og í þess stað keypt Fjarðabyggð með mús og manni og komið fólkinu fyrir í nokkrum íbúðablokkanna á stór-Reykjavíkursvæðinu, sem bíða eftir að þeim verði fundið hlutverk?

BB stóð í þeirri trú að slíkir uppvakningar gegn landsbyggðinni hefðu þegar verið kveðnir niður fyrir fullt og allt.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, símí 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, símí 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* · Kristján Torfi Einarsson, símí 456 4560, *kte@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, símí 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Þingeyri.

Saurmengaðar fjörur

Skolpmál eru víða í ólestri á Þingeyri að mati íbúasamtakanna Átaks í Dýrafirði. Á fundi stjórnar samtakanna sem haldinn var fyrir stuttu, kom fram að víða megi finna saurmengaðar fjörur, einkum á svæðinu frá ytri byggju að Byggðarendabót. Umhverfisfulltrúa var tilkynnt um málið í janúar og mætti hann á svæðið með skolplagnakort og myndavél til að skoða vandamálið og staðfesta það.

Í framhaldi af því hafa íbúasamtökin nú farið fram á að málinu verði fylgt eftir af fullum þunga og úrbætur tryggðar sem allra fyrst. Í bréfi samtakanna til bæjaryfirvalda segir að það sé fullkomlega ótækt að íbúar og ferðamenn á tjaldsvæði og víkingasvæði þurfi að horfa upp á þvílíkan óföguð.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar tók málið fyrir á síðasta fundi og hefur óskað eftir upplýsingum og hugsanlegan kostnað frá tæknideild um lausnir á fráveitumálum á Þingeyri.

– thelma@bb.is

Villtist á göngu

Björgunarsveitir frá Ísafirði, Bolungarvík og Hnífsdal leituðu á sunnudag að konu sem hugðist ganga yfir Þjófaskörð milli Seljalandsdals og Hnífsdals. Lagði hún af stað frá Ísafirði um hádegið.

Klukkan 17:30 hringdi hún í lögreglu og bað um aðstoð þar sem hún var villt. Konan er erlendur ferðamaður og því ekki staðkunnug. Björgunarsveitir hófu þegar í stað leit og tóku um 40 manns og tveir leitarhundar þátt. Þegar símasamband komst aftur á við konuna sagðist hún vera stödd við rafmagnsstaura og gat gefið upp númer á næsta staur.

Þá var haft samband við Orkubú Vestfjarða og fengnar upplýsingar um staðsetningu staursins. Því næst var ekið á staðinn og konan sótt. Hafði hún þá gengið yfir til Bolungarvíkur og var stödd við Hestakleif í Syðridal. Var hún ágætlega haldin þegar björgunarsveitir komu að en orðin nokkuð köld.

– thelma@bb.is

Virkjar á Ingjaldssandi

Bjarni M. Jónsson frá Sæbóli 3 á Ingjaldsandi hefur hafist handa við að smíða litla virkjun í Skáladal á Ingjaldsandi, en umhverfisnefnd Ísafjarðar veitti leyfi fyrir framkvæmdunum. „Von mín er að geta kveikt ljóstýru fyrir jólin," segir Bjarni.

„Þetta er smávirkjun sem mun skila um 6,5 KW ef allt gengur að óskum. Fallhæðin er um 70 metrar og rennslið í krinum 15 lítrar á sekúndu," segir Bjarni og bætir við að við framkvæmdirnar hafi verið lögð áherla á að raska umhverfinu sem allra minnst.

„Við lögðum enga vegi og grófum með höndum fyrir leiðslunum. Sárið mun sjálfsagt gróa á tveimur til þremur árum og þá munu engin ummerki sjást nema lítið níu fermetra stöðvarhús," segir Bjarni.

– kte@bb.is

Aðalfundur

Aðalfundur Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ verður haldinn fimmtudaginn 28. október nk., kl. 20, að Hafnarstræti 12.

Gestur fundarins verður Ólöf Norðdal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Kosningar.
4. Önnur mál.

Stjórnin.

Skrifað í skýin

Sópransöngkonan Guðrún Jónsdóttir, dóttir hjónanna Geirþrúðar Charlesdóttur og Jóns B. Guðjónssonar, fæddist á Ísafirði árið 1960 og fagnaði því fimmtugsafmæli sínu á árinu. Hún blés þó ekki til veisluhalda, heldur hélt upp á merkisdaginn með því að klæðast síðkjól af föðursystur sinni, setja á sig barðastóran hatt, fara í bæinn og heilsa upp á vini og kunningja. Hún segist líka sjálf enn vera unglingsstúlka innst inni, nokkuð sem dillandi hlátur hennar og brosmildi virðist sömuleiðis bera vitni.

Guðrún hefur sungið víða um heim. Lífsleið hennar hefur legið um ýmsa stigu, frá bóhemlífi á faraldsfæti til lífsins sem heimavinnandi, söngelskandi húsmóðir í Hnífsdal, þar sem hún býr í dag ásamt manni sínum, Torfa Einarssyni, og tveimur börnum, Sigrúnu Lísu og Einari Torfa. Guðrún segist heldur hvergi annars staðar í heimi hér geta hugsað sér að búa – nema það væri þá í Súðavík.

Fann sig í söngnum

„Ég byrjaði ung að læra á fiðlu hérna í Tónlistarskólanum á Ísafirði. Þá var ekki kenndur neinn söngur hér. En ég fann mig aldrei í fiðlunni," útskýrir Guðrún. Að loknu stúdentprófi hélt hún því suður yfir heiðar og skráði sig í Söngskóla Reykjavíkur. „Ég fór reyndar líka í tónlistarskólann í Reykjavík, að læra meira á fiðluna. En svo hætti ég bara með hana. Ég geymdi hana reyndar í nokkur ár –undir sófanum – en snerti hana aldrei, svo ég seldi hana og notaði andvirðið til að komast í söngnám til Ítalíu," segir Guðrún og hlær við. „Þetta var eiginlega eins og hjónaskilnaður! Ég skildi við fiðluna og maður er nú ekkert að fikta í gömlum mökum. Ég hef ekki snert fiðlu síðan."

Eftir að hún lauk stúdentsprófi segir hún ekkert annað hafa komið til greina í sínum huga en að læra söng. Hún var sömuleiðis harðákveðin í að fara frá Ísafirði og hafði ekki í huga að snúa aftur. „Ég veit samt eiginlega ekki hvaðan sú hugdetta kom. Mér fannst alltaf voðalega gaman að syngja og finnst enn, en ætli þetta sé ekki bara ein af þessum tilviljunum í lífinu, ef þær eru nú tilviljanir. Svo fann ég mig bara alveg í söngnum."

Á faraldsfæti

Guðrún útskrifaðist sem söngkennari frá Söngskólanum í Reykjavík árið 1989 og hélt þá til ítalska smábæjarins Rovigo, skammt frá Feneyjum, í frekara nám til ítalska kennarans Rinu Malatrasi. Þar lögðu nokkrir Íslendingar þegar stund á söng og Guðrún frétti af Rinu í gegnum íslenskar skólasystur sínar. Frá Ítalíu hélt hún til London í frekara söngnám en að því loknu, þegar „námslánin voru búin," eins og hún segir sjálf kímin, lá leiðin aftur til Íslands.

„Ég var svo heppin að fá hlutverk í Leðurblökunni norður á Akureyri og var þar einn vetur. Eftir þann vetur byrjaði baslið svo fyrir alvöru, að reyna að leita sér að vinnu. Draumurinn var auðvitað sá að vera að syngja í óperum og leikhúsum, en þetta var ekki auðvelt þá frekar en nú. Svo ég þvældist um og fór til Austurríkis og Þýskalands og Ítalíu, þar sem ég hélt nokkra konserta. Svo var ég svo heppin að fá vinnu í óperunni í Gautaborg, en var þar þegar allt kom til alls bara í einn vetur," segir Guðrún.

Draumnum fullnægt

Sá vetur reyndist nokkuð örlagaríkur í lífi hennar. Að honum loknum hafði hún sagt starfi sínu hjá Gautaborgaróperunni lausu og sagt skilið við heimshornaflakkið og fyrrverandi manninn sinn sömuleiðis.

„Eftir einn vetur í Gautaborg þá var þessum söngkonu- og leikhúsdraumum mínum allt í einu bara fullnægt. Ég hafði sungið ýmislegt um ævina, en þarna var ég orðin 36 ára gömul og mér fannst kominn tími til að gera eitthvað annað. Kannski var leikhúsið heldur ekki að gefa mér það sem ég hélt að það myndi gefa mér. Mér fannst þetta vera orðið einmanalegt líf og rótlaust," útskýrir Guðrún. „Ég sagði því upp í óperunni, full gleði og þakklætis fyrir að hafa fengið að upplifa þetta og tilbúin í eitthvað nýtt."

Hún þurfti ekki lengi að bíða tækifæris til að gera eitthvað nýtt. „Það var önnur af þessum tilviljunum sem eru engar tilviljanir. Ég kynntist manninum mínum, Torfa, og hann plataði mig hingað vestur. Ég ætlaði nú aldrei að koma aftur, en þarna stóð ég á þessum tímamótum og hugsaði með sjálfri mér – hví ekki? Nú hef ég verið hér í þrettán ár, eignast tvö börn og er sko hvergi á förum," segir Guðrún og skellir upp úr.

Skrifað í skýin

Torfi Einarsson, eiginmaður Guðrúnar í dag, er sömuleiðis borinn og barnfæddur Ísfirðingur, en Guðrún segist þó ekki hafa þekkt hann persónulega fyrir veturinn í Gautaborg. „Það er líka tíu ára aldursmunur á okkur, þannig að þegar hann var virðulegur lögreglumaður var ég óþekkur unglingur," segir hún og brosir.

Mál æxluðust svo að Guðrún fékk leigt herbergi hjá Torfa þennan vetur – og þá varð ekki aftur snúið. „Þetta var bara skrifað í skýin," segir Guðrún.Torfi var á þessum tíma staddur í Svíþjóð ásamt fyrrverandi konu sinni, Elísabetu Jóhannsdóttur, sem gekkst þar undir hjarta- og lungnaskipti. Eftir þrálát veikindi lést hún í janúar þennan vetur og hélt Torfi þá heim til Íslands.

Guðrún segir það vissulega hafa verið mikla lífsreynslu að deila heimili með Torfa á sama tíma og eiginkona hans lá banaleguna. „Ég þekkti hana reyndar ekki, ekki frekar en Torfa, og hún lá í raun í dái í um níu mánuði. Ég sá hana aldrei nema einu sinni á spítala, rétt áður en hún dó," segir hún.

„Kannski voru þessar aðstæður svolítið skrýtnar, en þó varla. Torfi er einhvern veginn þannig maður að hann gerir allt svo eðlilega. Þessar aðstæður voru svona og þá var bara tekist á við þær. Ég var svo auðvitað líka á kafi í minni vinnu í óperunni. En þetta var vissulega lærdómsríkur tími og það má segja að þarna hafi ég í fyrsta skipti skilið að lífið væri annað og meira en leikhúslíf og hopp og hí, bóhemlíf, ferðalög og áhyggjuleysi. Kannski var það akkúrat það sem ég þurfti á þessum tímapunkti," segir Guðrún.

Guðrún hafði komið sér fyrir í Reykjavík þegar leiðir hennar Torfa lágu saman að nýju. „Hann hentist aftur inn í líf mitt og þessi yndislegi vinskapur okkar varð að hjónabandi. Ég held að þetta sé mesta og stærsta gæfuspor sem ég hef stigið – að hreinlega þora að kúvenda, eignast fjölskyldu og setjast að á jafn dásamlegum stað. Ég segi alltaf að ég búi í paradís. Ég myndi ekki vilja skipta fyrir neitt," segir hún.

Lífið með sykursýki

Torfi og Guðrún settust að í Hnífsdal eftir að Torfi hafði „platað hana vestur". Þau eignuðust svo börnin Sigrúnu Lísu, sem í dag er 12 ára, og Einar Torfa, 10 ára, og Guðrún fór að kenna söng í Tónlistarskólanum á Ísafirði. Hún starfaði þó aðeins þar í nokkur ár, því þegar Sigrún Lísa var aðeins tæplega átta ára gömul greindist hún með sykursýki.

„Ég man að þetta var á mánudagskvöldi, 6. febrúar. Hún var þá orðin fárveik og orðin alveg eins og fis. Hún hafði verið veik og var farin að kasta upp. Við fundum að það var svolítið skrýtin lykt af henni. Ég ráðfærði mig við lækni sem taldi að þetta væri einhver pest sem var að ganga og ráðlagði mér að gefa henni orkudrykki, svo hún fengi einhverja orku. Hún kastaði þeim náttúrulega upp jafnóðum og um kvöldið sá ég að hún var hreinlega bara að detta út. Ég brunaði með hana á spítalann og hélt að hún myndi deyja í fanginu á mér," segir Guðrún.

„Þarna um morguninn hafði Torfi sagt upp úr þurru, „Ætli að hún sé með sykursýki?" Þegar ég kom svo á spítalann og læknirinn tók á móti okkur kemur þetta allt í einu upp í huga minn, svo ég spyr hann hvernig sykursýki lýsi sér. Hann lýsti því og ég svaraði bara, „Ég held þú sért búinn að sjúkdómsgreina dóttur mína.""

Sigrúnu Lísu var í kjölfarið gefið insúlín og hún jafnaði sig að sögn Guðrúnar merkilega skjótt á þessu kasti. Fjölskyldan var hins vegar send suður skömmu síðar, þar sem þau dvöldust í

rúma viku og fengu fræðslu um þetta nýja líf sitt, lífið með sykursýki.

„Það er náttúrulega mikil vinna að vera með sykursjúkt barn. Fyrst fékk hún insúlínpenna og varð að sprauta sig tíu, tólf sinnum á dag. Fyrir um tveimur árum síðan fékk hún hins vegar insúlíndælu og það varð allt annað líf fyrir okkur öll, þó hún þurfi ennþá að mæla sig reglulega og skipta um nálar og annað slíkt," útskýrir Guðrún, sem þurfti fyrstu árin oft á tíðum að rjúka til Sigrúnar Lísu ef þeim þótti blóðsykurinn stefna í óefni.

Í dag hefur fjölskyldan aðlagað sig þessum aðstæðum og þær mæðgur ráðfæra sig reglulega í gegnum síma um blóðsykurstölur dagsins. „Við þekkjum ekkert annað og það er bara eðlilegasti hlutur í heimi að dóttir okkar sé með sykursýki. En við erum enn að læra og hún sjálf líka. Við vinnum þetta bara saman og hún er algjör hetja."

Insúlíndælan má þó ekki blotna og því þarf að fjarlægja hana við íþróttaiðkun. Þá má Sigrún Lísa hinsvegar ekki vera aftengd dælunni lengur en í klukkutíma. „Við höfum bara fundið lausnir á því. Þegar við förum á kajak setur hún vatnsheldan kassa utan um hana. Ef hún fer í sund og það er ofboðslega gaman þarf hún hins vegar að passa að fara upp úr eftir klukkutíma og tengja dæluna. Hún fær þá sinn grunnskammt og getur svo bara farið aftur ofan í og haldið áfram að leika sér. Hún er mjög passasöm með þetta og alveg ótrúlega dugleg," segir Guðrún.

Fann stuðning í andlegum fræðum

Sjúkdómsgreiningunni fylgdi hins vegar töluvert áfall á sínum tíma. „Það reiknar aldrei neinn með því að það komi nokkuð fyrir fjölskylduna. Maður verður ofboðslega dofinn og svolítið krumpaður á sálinni eftir svona fréttir. Ég söng til dæmis ekki í þrjú ár eftir þetta. Það bara dó eitthvað inni í mér, og mig langaði ekki lengur að syngja. En sem betur fer er lífið nú þannig að ef maður stendur aldrei í myrkri skilur maður ekki heldur hvað ljósið er bjart og gott," segir Guðrún.

Í kjölfarið ákvað Guðrún að segja starfi sínu við Tónlistarskólann lausu og einbeita sér að því sem henni þótti mikilvægast í lífinu, börnunum sínum. „Ég var búin að vera mikið frá þeim í vinnu og ákvað að gerast heimavinnandi húsmóðir. Það er nú bara það skemmtilegasta sem ég hef gert," segir hún hugsi. „Það er alveg merkilegt hvað ég hef gert marga gáfulega hluti í lífinu," bætir hún svo við og skellir upp úr.

Hún leitaði þá einnig í andleg fræði sér til stuðnings. „Ég hef alltaf verið mjög andlega þenkjandi og það var mér því mjög eðlilegt að leita í það. Ég hef miklu meiri trú á andlegri hjálp en annari, og ég var svo heppin að kynnast góðri konu sem ég vil meina að hafi bjargað lífi mínu þó hún vilji eflaust meina að ég hafi gert það sjálf," segir Guðrún og brosir.

„Það var Martha Ernstdóttir. Ég fór til hennar í heilun í nokkur skipti og ég segi að hún hafi hreinlega frelsað mig. Eftir það varð allt lífið svo miklu auðveldara. Martha kenndi mér að fyrirgefa sjálfri mér fyrir að vera auðsærð, sem maður verður þegar barnið manns veikist. Og ef maður getur fyrirgefið sjálfum sér, þá frelsast maður. Í dag fer ég í jóga og er alltaf að læra betur og betur að halda mér í núinu og taka einn dag í einu. Ég byrja hvern morgun á því að þakka fyrir daginn. Börnin mín eru stundum dauðþreytt á því, þegar ég knúsa þau og segi þeim hvað ég er þakklát að eiga þau," segir Guðrún brosandi. Hún kveðst vera þakklát fyrir alla þá reynslu sem veikindin höfðu í för með sér. „Það er bara annar skóli. Þarna lærir maður að það er ekkert sjálfsagt í lífinu."

Skömmu eftir sjúkdómsgreiningu Sigrúnar Lísu kom í ljós að hún var einnig með slæma lesblindu og nokkrum árum síðar varð hið sama ljóst um bróður hennar, Einar Torfa.

„Við vorum mjög heppin með Sigrúnu Lísu af því að þar greip læknirinn hennar á Landsspítalanum inn í. Ég var þá farin að hafa miklar áhyggjur af því að hún væri svo til ólæs, en hann áttaði sig strax á því hvað var að og útvegaði henni aðstoð á spítalanum. Ég sá svo alveg í hvað stefndi með Einar Torfa nokkrum árum síðar," segir Guðrún, sem segir það merkilegt nokk nánast hafa verið meira áfall að börnin hennar greindust með lesblindu heldur en að þurfa að takast á við sykursýki dóttur sinnar.

„Skólakerfið tekur stundum of seint á lesblindunni. Sigrún Lísa og Einar Torfi hafa verið mjög heppin og fengið bæði góðan stuðning og að því er mér finnst góðan skilning í skólanum, en það er bara alls ekkert sjálfsagt. Það er heldur ekki sjálfsagt að þetta uppgötvist svona snemma, og þá fara börn kannski í gegnum allt skólakerfið án þess að fá nokkurn tíma greiningu eða stuðning," útskýrir hún.

Guðrún segist ekki heldur trúa á að þrýsta og ýta á börnin. „Ég held að öll pressa virki neikvætt. Ég fer ekki eftir því að Einar Torfi, til dæmis, „eigi" að lesa í tíu mínútur. Hann les frekar þar til hann verður þreyttur og heldur svo áfram síðar. Góðir hlutir gerast hægt. Í dag er Sigrún Lísa til dæmis búin að taka þvílíkum framförum og finnst mjög gaman að lesa. Hún skrifar sögur og les mikið, en á sínum hraða. Ég vona að Einar Torfi fái sama áhuga."

Guðrún og Torfi reyna ekki heldur að halda börnum sínum að eigin hugðarefnum. „Ég leyfi þeim bara alveg að stýra því hvað þau vilja gera. Þau eru bæði músíkölsk, en ég hef ekkert þrýst á þau að fara í tónlistarnám. Þau hafa valið sér aðra leið, sem ég

er mjög ánægð með, og æfa bæði ballett í dag. Okkur Torfa finnst gaman að dansa, en þetta er eitthvað sem þau hafa alveg fundið hjá sjálfum sér. Einar Torfi er eini strákurinn í hópnum og er mjög ánægður. Hann æfir þrisvar í viku, en Sigrún Lísa fjórum sinnum. Þau halda reglulegar danssýningar fyrir okkur heima!“

Skemmtilegasta starf í heimi

Guðrún hefur verið dugleg við að prófa nýja hluti og tók nú á árinu að sér frekari söngkennslu. „Það byrjaði þannig að ég var fengin til að kenna útlendingum íslensku í gegnum söng, sem er náttúrulega alveg frábær hugmynd! Ég er ömurlegur gítarleikari, en kann samt nokkur vinnukonugrip og gat sungið og spilað aðeins undir,“ segir hún og kímir. „Þetta starf var aðallega með tælenskum konum, og þær kenndu mér svo sannarlega hvað brosið er ofboðslega stórt og dýrmætt. Þó þær skildu ekkert þá brostu þær bara og þökkuðu fyrir sig með brosi. Það var frábær kennslustund,“ segir hún.

Í kjölfarið var henni boðið að sjá um söngstundir með fötluðum einstaklingum á Ísafirði. Þær hafa verið haldnar tvisvar í viku frá því í vor. „Ég renndi alveg blint í sjóinn og vissi ekkert hvað ég var að fara út í. Sum þeirra eru mikið fötluð og tjá sig bara með sínum eigin hljóðum. Einn mætir alltaf með sinn gítar líka og við spilum saman,“ segir Guðrún, sem segir þetta starf vera það skemmtilegasta sem hún hafi nokkru sinni tekið að sér, fyrir utan móðurhlutverkið. „Þau koma alltaf á móti mér og faðma mig þegar ég kem. Og ef einhver lög koma við hjartað í þeim fara þau bara að gráta. Ef mig langar að gráta þá græt ég bara með þeim! Þetta eru einstaklingar sem kenna okkur svo ótalmargt um lífið,“ bætir hún við.

Með hjartað í hlífðarbuxunum

Burtséð frá söngnum og umönnun barna sinna hefur Guðrún nú mikla unun af skútusiglingum og kajakróðri. Það lá þó alls ekki beint við, enda segist hún sjálf hafa verið svo vatnshrædd í æsku að hún hafi varla þorað í sturtu.

„Torfi plataði mig út á sjó. Hann hefur alltaf átt báta og keypti litla 26 feta skútu þegar Einar Torfi var á fyrsta ári. Ég hef siglt með krakkana síðan. En ég segi nú ekki að ég hafi hoppað um borð með húrrahrópum. Ég lét mig hafa þetta, en var með hjartað í buxunum fyrstu þrjú, fjögur árin,“ segir Guðrún hlæjandi.

Hún er hins vegar afar hrifin af skútulífinu í dag og fjölskyldan ver sumarfríunum sínum iðulega í „skútilegum“. „Krakkarnir voru eflaust tveggja og fjögurra ára þegar þau fóru í fyrstu „skútilegunna“ inn í Jökulfirði. Við sigldum þangað í blankalogni, vorum í tvær nætur og lentum svo í hörkubrælu á leiðinni heim. Sem betur fer áttaði ég mig ekki á því fyrr en eftir á. Ég dúðaði krakkana og skorðaði þau einhvern veginn af í brunninum úti, þar sem þau sofnuðu. Þarna lærði ég hins vegar mína lexíu – að maður gerir káetuna sjóklára fyrir brottför. Það var eins og eftir loftárás að koma þarna niður! En svona er þetta, ef maður lendir aldrei í neinu lærir maður heldur aldrei neitt,“ segir Guðrún og brosir.

Guðrún segist hafa gert sjóinn að vini sínum og nýtur þess til hins ítrasta að sigla um næstu firði. Fjölskyldan á í dag 34 feta skútu, þar sem allir rúmast vel. „Við förum líka oft nokkrar skútur saman. Ég er oft eina konan, en mér finnst alveg agalega gaman að vera með köllunum! Svo erum við nú oft líka með eitt eða tvö aukabörn með okkur. Þetta er bara með skemmtilegri áhugamálum og ég held það jafnist ekkert á við að leggjast út af í skútunni og láta vagga sér í svefn,“ segir Guðrún.

Hún á hins vegar enn eftir að gera flugvélar að vinum sínum. Hún keyrir til að mynda alltaf suður á þriggja mánaða fresti, þegar Sigrún Lísa fer í læknisskoðun. „Það er næsti þröskuldur. En það skal takast, einhvern tíma verða flugvélarnar vinir mínir líka, eins og hafið,“ segir hún kímin.

Hamingjan í Hnífsdal

Eftir allar þær beygjur, sveigjur og kúvendingar sem á lífsvegi Guðrúnar hafa orðið er hún nú hæstánægð með tilveruna og lífið í Hnífsdal.

„Ég man að þegar ég var í gaggó vorkenndi ég svo krökkunum í Hnífsdal – að búa í þessu krummaskuði. Nú vil ég sjálf aldrei fara héðan. Og ef ég skyldi einhvern tímann flytja mig um set þá væri það til Súðavíkur. Mér finnst Álftafjörðurinn svo fallegur. Ég er ekkert á förum, en maður veit hins vegar aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Ég reyni að lifa bara akkúrat í deginum í dag, í núinu,” segir Guðrún.

„Þetta er eins og með siglingarnar. Maður þarf ekkert að fara langt. Í hverri einustu ferð sé ég eitthvað nýtt, þó ég fari alltaf í sama fjörðinn. Maður þarf nefnilega ekki alltaf að vera að fara eitthvað. Hamingjan er hér og nú og það er enginn sem gerir mann hamingjusaman, hamingjan býr í okkur sjálfum. Ég reyni bara að fara brosandi í gegnum daginn, vera jákvæð og er bara óskaplega sátt við lífið og núið.“

– Sunna Dís Másdóttir.

Kanadamaðurinn Charles St. Louis áður en hann lagði af stað til Reykjavíkur.

Ferðaðist um Vestfirði á reiðhjóli

Ferðalangurinn Charles St. Louis ferðaðist um Vestfirði á dögunum á reiðhjóli eftir að hafa hjólað alla leið frá Reykjavík. Hann lagði af stað á ný til Reykjavíkur á föstudag og fór Djúpleiðina. Vakti það mikla athygli þar sem það hefur ekki gerst í manna minnum að nokkur hafi hjólað þessa langleið að hausti til. Ljósmyndari blaðsins rakst á Charles á Ísafirði þar sem hann var að leggja í hann og komst að því að ferðalanguinn, sem kemur frá Quebec í Kanada, hafði ekki hugmynd um að októbermánuður væri vanalega verri en aðrir til að ferðast um á reiðhjóli á þessu svæði. Það er því óhætt að segja að hann hafi verið heppinn með góða tíð.

– thelma@bb.is

Hjúkrunarfræðingar á Vestfjörðum mótmæla harðlega þeim mikla og ómarkvissa niðurskurði á heilbrigðisstofnunum sem boðaður er í frumvarpi til fjárlaga 2011.

„Lífi fólks teflt í hættu“

Stjórn Vestfjarðadeildar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga mótmælir harðlega þeim mikla og ómarkvissa niðurskurði á heilbrigðisstofnunum sem boðaður er í frumvarpi til fjárlaga 2011. „Samkvæmt heilbrigðislögum eiga allir þegnar landsins að hafa jafnan rétt og jafnt aðgengi til heilbrigðisþjónustu, sem stuðlar að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði,“ segir í ályktun frá félaginu.

„Viljum við hjúkrunarfræðingar Vestfjarðadeildar vara við þeim alvarlegu afleiðingum sem fyrirhugaður niðurskurður mun hafa í för með sér fyrir íbúa svæðisins sem þurfa á þjónustu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða að halda. Þær samfélagslegu breytingar sem myndu fylgja í kjölfarið á þeim niðurskurði sem boðaður er í heilbrigðisþjónustunni mun valda brottflutningi fólks af svæðinu.

Jafnframt er það skoðun okkar hjúkrunarfræðinga Vestfjarðadeildar að sparnaður verði enginn þegar upp er staðið. Því ekki er gert ráð fyrir öllum þeim kostnaði sem felst í flutningi sjúklings til Reykjavíkur eða Akureyrar og þeim kostnaði sem meðferð þeirra er á þessum stöðum. Ekki má gleyma heimilinu sem þurfa að taka á sig aukinn kostnað við að leita sér heilbrigðisþjónustu fyrir utan sína heimabyggð, svo sem ferðakostnaður, uppihald og vinnutap.

Því teljum við að fyrirhugaður niðurskurður og þeim breytingum á sviði heilbrigðismála muni tefla öryggi og jafnvel lífi fólks í hættu,“ segir í ályktuninni. *– thelma@bb.is*

„...væri það klárlega draumastarfið mitt. Ég myndi treysta mér í fjöldann hans langalangalangafa.”



Kæra dagbók.

Langafi var að segja mér að afi hans hefði átt ellefu börn takk fyrir kærlega. Reyndar með þremur konum. Ég gæti alveg hugsað mér að slá það met. Það er að segja þetta með börnin. Ef maður fengi þokkalega borgað fyrir að eignast börn og ala þau almennilega upp væri það klárlega draumastarfið mitt. Ég myndi treysta mér í fjöldann hans langalangalangafa. Það gæti reyndar orðið soldið mál að finna konu sem væri til í þetta með mér. Og einn á ég auðvitað engan sjens í svona lagað. En mér finnst börn bara alveg frábær. Líka unglingar og yfir höfuð allir sem eru að mótast og reyna að fóta sig í lífinu. Vertu samt ekkert að hafa hátt um þetta. Svona plön eru kannski ekki sérlega strákaleg. Ég held reyndar að þau séu ekki neitt stelpuleg heldur.

Er þitt barn okkar barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku sem haft geta í för með sér ævilanga örorku. Þeir sem ekki hafa fest sig í sessi á vinnumarkaði standa utan lífeyriskerfisins og njóta því einungis bóta Tryggingastofnunar.

OKKAR framtíð er ný og kærkomin framtíðartrygging barna og ungmenna sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum. Með OKKAR sparnaði, sem laus er til útborgunar við átján ára aldur, má treysta undirstöðurnar enn frekar.

okkar **Framtíð**

- framtíðartrygging barna fyrir „efin” í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna

OKKAR líftryggingar hf. • Sóltúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 540 1400 • Fax 540 1401 • www.okkar.is

okkar

Dæmdur fyrir ýmis afbrot en sýknaður af líkamsárásarkæru

Héraðsdómur Vestfjarða hefur sakfellt karlmann fyrir eignaspjöll og umferðarlagabrot en sýknað hann af ákæru um sérstaklega hættulega líkamsárás. Manninum var gert að sök að hafa með oddhvössu áhaldi rispað síma unnustu sinnar sem og rispað og skemmt bifreið hennar. Þá ók hann undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda. Mældist áfengismagnið í blóði 1,30‰. Einnig var hann ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa lagt til unnustunnar með eggvopni að bringusvæði og í aðra hönd hennar, með þeim afleiðingum að yfirhöfn sem hún klæddist rifnaði á brjóstsvæði og hún hlaut 2,5 cm langan skurð á hendi. Hins vegar þótti ljóst að hann gerði það ekki af ásetningi og var því sýknaður af þeim sakargiftum.

Forsaga málsins er sú að það kom til rifrildis milli páverandi parsins og í kjölfarið hleypti maðurinn unnustu sinni ekki inn í íbúð þá sem staðið hefði til að þau byggju í saman. Þó svo að hún hefði ekki verið flutt inn í íbúðina voru allar föggur hennar þar niður komnar. Þá tók maðurinn síma stúlkunnar, rispaði hann og henti honum síðan út úr íbúðinni. Vegna framkomu hans þurfti stúlkan að gista hjá vinkonu móður sinnar um nóttina.

Morguninn eftir fór stúlkan á vinnustað mannsins í þeim tilgangi að fá aðgang að fyrrnefndri íbúð til að nálgast námsgögn sín og föt. Maðurinn neitaði að fá henni lykil að íbúðinni og eftir orðaskipti tók hann upp hníf og rispaði bifreið hennar. Stúlkan kvaðst hafa sagt honum að hætta þessu, tekið í hann og ýtt honum frá og slasaðist þá á hendi.

Manninum var gert að greiða 260.000 króna sekt til ríkissjóðs og kemur átján daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Einnig var hann sviptur ökurétti í tvö ár og gert að greiða 78.178 krónur í sakarkostnað. Að auki var hann dæmdur til að greiða fyrrverandi kærustu sinni 114.244 krónur.

Á fimmta tug barna fæðst í ár

54 börn fæddust á síðasta ári á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.

Sami fjöldi barna hefur litið dagsins ljós fæðingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði í ár og á sama tíma í fyrra. „Það hafa 44 börn fæðst það sem af er ári. Ég býst við að fæðingarnar verði á svipuðu róli í ár og fyrra en þá fæddust 54 börn,“ segir Halldóra Karlsdóttir ljósmóðir. Er því meðalár í vændum en 73 börn fæddust árið 2008 og höfðu ekki fleiri börn fæðst á Ísafirði síðan árið 1998. 52 börn fæddust á Ísafirði árið 2006 og 53 árið 2005 sem er heldur færra en árið þar á undan þegar 61 barn fæddist. Árið 2003 voru aðeins 49 fæðingar á Ísafirði en 62 börn fæddust árið 2002. Aðspurð um kynjaskiptinguna segir Halldóra að stelpur hafi verið meira áberandi, allavega í sumar. „Annars jafnar þetta sig oft þegar árið er gert upp og vanalega er það svipað af hvoru kyni sem kemur í heiminn yfir árið.

Uggur er í íbúum á svæðinu vegna umræðu um að leggja verði niður fæðingadeildina á sjúkrahúsinu vegna þess niðurskurðar sem boðaður er í fjárlagafrumvarpinu. Aðspurð segir Halldóra að ljósmæðurnar hafi orðið þó nokkuð varar við það. „Fólk virðist átta sig á því hvaða áhrif niðurskurðurinn gæti haft þegar rætt er um fæðingardeildina. Maður skilur ekki hvernig það á landfræðilega að ganga upp. Það er meira en að segja það fyrir konur að þurfa að fara suður þegar þær eru komnar 38 vikur á leið og vera í Reykjavík í allt að fjórar vikur. Það eiga ekkert allir vini og vandamenn fyrir sunnan sem þeir geta fengið inni hjá. Þetta er stórmál.“

– thelma@bb.is

Tvíhliða mynt

Stakkur skrifar

Öllum er nú orðið ljóst að loforð sem kjósendum voru gefin í febrúar 2009 um það hvernig standa skyldi vörð um heimili fólks, hafa ekki staðist. Það sannar fyrst og fremst óraunsæi sem ríkjandi þátt í stjórnmálum, óháð því hver í hlut á og vafalaust opinberast það í höfuðborginni er lengra líður á stjórnartíð núverandi borgarstjórnar. Vel getur verið að enn finnist einhverjum kjósenda Besta flokksins að allt gangi vel. En það á tæpast við um þá starfsmenn Orkuveitunnar sem eru að taka upp bréf með tilkynningu um að starfi þeirra fyrir fyritækið sé lokið. Kjósendum verður smám saman ljóst að brandarar eru oftast misheppnaðir í pólitík líkt og stórfengleg loforð. Sú er að líkindum upplifun notenda heilbrigðisþjónustu og starfsfólks utan Reykjavíkur. Oftast hafa skattgreiðendur séð fyrir því að innistæða væri fyrir loforðum stjórnmálamanna, en nú er örendi þeirra þrotið. Það er ekki meira að hafa úr þeirra vösum.

Það hefur verið fróðlegt, upplýsandi og ótrúlegt að fylgjast með því hvernig krafa ríkisstjórnar til annarra umboðsmanna fjármuna almennings hefur hrakist fram og til baka og snúist í höndum hennar. Hafi einhvern tímann verið kostur á almennri niðurfærslu skulda þá er of langt gengið til þess að nú verði slíkt að veruleika. Krafa til lífeyrissjóða um að þeir gefi eftir skuldir með þeim hreinu og kláru afleiðingum að þeir sem þar hafa lagt inn fé sitt, oft skyldugir, skuli nú ofan á allt annað verða að sæta frekari skerðingu kjara en orðið er, sýnist ekki vænleg. Þá fer að verða auðskiljanlegra af hverju fólk var hvatt til að taka út séreignarlífeyri. Hirðið ykkar meðan fært er, gæti boðskapurinn hljóðað nú. Er það virkilega svo að lausnin sé fólgin í því að verðlauna stórskuldara enn frekar en orðið er?

Það er deginum ljósara og hefur verið frá því í janúar 2009 og reyndar löngu fyrr, að þeir sem féllu í gildru banka og Íbúðalánasjóðs að taka allt að 100% lán til kaupa á íbúðarhúsnæði myndu stefna í ógöngur blindgötunnar. Sá skilningur hefur skerpst með lækkandi kaupmætti og auknu atvinnuleysi. En að taka af lífeyrissparnaði fólks til þess að leysa þann vanda sýnist vera hrein og klár upptaka eigna. Vond var hegðun þeirra sem stjórnuðu fram að hruni, en almenningur ætlaðist til og vonaðist eftir betri stjórnun þeirra sem sögðust gera betur. Eftir því er enn beðið þótt eftirvæntingin og vonin sé tekin að fjara út. Að flytja allt til Reykjavíkur og taka lífeyrissparnað af fólki sem reynt hefur að standa við skuldbindingar sínar er vondur boðskapur og enn einn rökin fyrir því að ef til vill sé best að reyna fyrir sér annars staðar og leita þar atvinnu og betra lífs, flytja til útlanda. Allar myntir hafa tvær hliðar. En það þýðir ekki að taka skuli endalaust af þeim sem ekkert hafa sér til saka unnið og láta aðra, þó erfitt eigi, hafa sé rétta lausnin. Þótt myntinni sé snúið þá hefur hún aðeins eitt verðgildi.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Góður og sem nýr, saumavélaskápur fæst gefins eða fyrir lítinn pening. Einnig 2ja hólfa stálvaskur, 140 cm á lengd, með blöndunartækjum. Upplýsingar í síma 864 3589.

Bandsög óskast. Má vera biluð. Uppl. í síma 846 6397 (Jón).

Gullfallegir Golden Retriever hvolpar eru til sölu hjá Engla hundarækt. Um er að ræða topp fjölskylduhunda. Engla er aðili að HRFÍ og FCÍ. Upplýsingar gefur Fjóla í síma 892 8022 eða 551 8022.

Ertu orðin(n) áskrifandi?

Það er mun ódýrara!

Síminn er 456 4560!

Grágæs er algengasta gæsategundin á norðanverðum Vestfjörðum. Ljósm: aves.is.

Lítil gæsaveiði í góðri tíð

Nú þegar liðið er á haustið fer hver að verða síðastur til að skjóta gæs á Vestfjörðum. Þær gæsaskyttur sem BB ræddi við segja mikið af gæs hafa verið á svæðinu í haust en góð tíð hafi gert veiðarnar erfiðar. „Það er hending ef gæsin sest niður á tún. Hún flýgur hátt og uppí móa og unir sér þar í berjum. Það hefur helst verið hægt að ná henni á næturstað," segir Hermann Hermannsson, veiðimaður, sem hefur stundað gæsaveiðar af kappi í tuttugu ár. „Þeir veiðimenn sem ég hef talað eru sammála um að rólegt hafa verið yfir veiðunum í haust. En á móti kemur að það er óneitanlega skemmtilegra að stunda veiðar í hita og sól," segir Hermann.

Valur Richter, byssusmiður og veiðimaður, hefur veitt helsingja á Dynjandisheiði í meira en tíu ár. „Nú ber svo við í fyrsta skipti að ekki hefur sést til fugls í allt haust," segir Valur. Hann líkt og Hermann segir góða veðrið vera líklegustu skýringuna á dræmum veiðum. „Sjálfsagt er fuglinn það vel haldinn að hann flýgur beint suður á bóginn án þess að staldra við hér á Vestfjörðum. Ætli gæsin komi ekki feit og pattaraleg á veiðislóðirnar á Skotlandi," segir Valur.

– kte@bb.is

Bálreiður yfir bruðli

„Maður fyllist depurð yfir þessu bruðli, miðað við ástandið hjá mörgum hér á landi sem ekki eiga fyrir brýnustu nauðsynjum. Svo virðist sem stjórnsýslan hafi hér algjörlega brugðist rétt eina ferðina og ætti að skammast sín," segir Hallgrímur Sveinsson, fyrrum staðarhaldari á Hrafnseyri í Arnarfirði, í opnu bréfi til BB. Hallgrímur rak Safn Jóns Sigurðssonar frá stofnun þess árið 1980 til ársins 2005 og segir að allan þann tíma hafi safnið verið sjálfbært og jafnvel skilað hagnaði.

„En nú leyfa menn sér að eyða tæpri milljón í símakostnað á þremur árum vegna nokkurra daga starfsemi á ári. Eins og að drekka vatn. Um hvað skyldu mennirnir alltaf að vera að tala? En það er satt, það eru breyttir tímar, en fyrr má nú aldeilis fyrr vera! Og sjö hundruð þúsund á ári í bílastyrk og dagpeninga, gerið svo vel. Og starfsmaður á fullum launum árið um kring. Allt í nafni þjóðardýrlingsins" skrifar Hallgrímur.

Hann vísar til ársreikninga Hrafnseyrarnefndarinnar þar sem fram kemur að kostnaður við Safnið nam rúmum 14 milljónum á þriggja ára tímabili frá 2007 til 2009. „Safnið er rekið í tvo og hálfan til þrjá mánuði á ári, en aðra mánuði ársins er enginn maður á staðnum. Eyðibýli í sinu og niðurníslu. Til að sjá um að þetta gangi nú vel fyrir sig er starfsmaður í fullu starfi allan ársins hring," skrifar Hallgrímur, sem segist vera bálreiður líkt og Málfríður forðum. „Hvað skyldi vera að þjóð Jóns Sigurðssonar," spyr Hallgrímur að lokum.

Háskólasetur skorið niður um 30%

„Háskólasetrið er ekki svo illa rekið að við getum mætt svona miklum niðurskurði með hagræðingu einni saman," segir Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða. Ef fram fer sem horfir segir hann ljóst að leggja þurfi niður ákveðnar námsbrautir. „Ég held að fólk hafi ekki áttað sig á því hve niðurskurðurinn er mikill í fjárlögunum. Stofnunin hefur hingað til verið fjármögnuð af tveimur ráðuneytinum. Annars vegar menntamálaráðuneytinu og út af fyrir sig er það fagnaðarefni að sú fjárveiting mun einungis dragast saman um 10%. Hins vegar höfum við fengið fjárveitingu frá Iðnaðarráðuneytinu en samkvæmt fjárlögunum fellur sú fjárveiting alfarið niður. Þetta hefur verið um 23 milljónir á ári og samtals erum við því að tala um niðurskurð upp á 30%," segir Peter Weiss.

Peter segir svigrúm til hagræðingar vera lítið. „Við höfum aldrei greitt fyrir yfirvinnu eða dagpeninga. Á síðasta ári var einnig niðurskuður upp á 35% sem við mættum m.a. með því að fella niður frumgreinanámið. Í ár er útlit fyrir 20 milljón króna gat í rekstrinum og því er þetta einfaldlega spurning um hvað þarf að fara út."

Hann segir að óbreyttu sé líklegast að meistaranámið muni þurfa að víkja. „Við höfum skrifað ráðuneytinu bréf og óskað eftir leiðbeiningum um hvernig við eigum bera okkur að mæta. Mín tilfinnig er sú að þar á bæ viti menn ekki af því hversu alvarleg staðan er. Í raun er tveir kostir í stöðunni, annað hvort verðum við að fella niður fjarnámið eða meistaranámið. Kostnaður við fjarnámið er aðalega fólgin í húsnæði og tækjabúnaði og því ekki hægt að skera þar niður. Af þessum sökum er líklegast að meistaranámið verði að víkja," segir Peter.

Peter segir mikilvægt að svörberist frá sem allra fyrst frá ráðuneytinu. „Við höfum opnað fyrir skráningu í meistaranámið í lok nóvember. Í dag er svo komið að við þurfum varla auglýsa námið, orðstír þess borist víða þannig að fólk leitar okkur uppi. Það er mjög leiðinglegt ef þetta markaðsstarf verður að engu," segir Peter Weiss.

– kte@bb.is

Dæmdur fyrir að bera kjöthamar og kjötexi

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt þrítugan karlmann í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni og vopnalagabrot. Manninum var gert að sök að hafa gerst brotlegur við vopnalög í sumar með því að bera kjöthamar og kökukefli sem vopn á almannafæri. Þá var hann einnig ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa stuttu síðar, eftir handtöku, í lögreglubifreið á leið frá Bolungarvík til Ísafjarðar, ítrekað hótað tveimur lögreglumönnum sem voru við skyldustörf, lífláti.

Enn fremur var maðurinn ákærður fyrir að hafa síðar um nóttina, á lögreglustöðinni á Ísafirði hótað sömu lögreglumönnum lífláti. Maðurinn játaði sök við þingfestingu málsins. Í dómsorði segir að af gögnum málsins verði ekki annað ráðið en að eftir að hann var látinn laus úr haldi lögreglu, hafi hann ekkert hafst að til að fylgja eftir hótunum sínum gagnvart lögreglumönnunum tveimur.

Var því talið hæfilegt að skilorðbinda refsinguna og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi hann almennt skilorð.

– thelma@bb.is

Bólusetning hafin

Árleg bólusetning gegn inflúensu er hafin og verður bólusett á Ísafirði milli kl. 14 og 15:50 alla virka daga. Á vef Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða segir að bólusett sé gegn þremur stofnum inflúensu. Bóluefnið innihaldi tvo A-stofna og einn B-stofn, en annar A-stofninn er gegn svínaflensu. Þá segir að inflúensa sé veirusýking sem einkennist af háum hita, þurrum hósta, höfuðverk, beinverkjum, oft með hálssærindum og nefrennsli. Árviss faraldur af völdum inflúensu A og oftast einnig af völdum inflúensu B hefst oft í desember eða janúar, eg gera verði ráð fyrir að upphaf inflúensufaraldurs geti verið frá október til mars. Yfirleitt taki 2-3 mánuði fyrir faraldur að ganga yfir.

Í tilkynningu heilbrigðisstofnunarinnar er ákveðnum hópum ráðlagt að láta bólusetja sig. Allir sem eru orðnir 60 ára. Allir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum. Starfsfólki heilbrigðisþjónustu og öðrum sem daglega annast fólk með aukna áhættu. Þeir sem tilheyra ofangreindum hópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu.

Sóttvarnarlæknir leggur þó áherslu á að sem flestir láti bólusetja sig, en bólusetningin geti veitt a.m.k. 70% vörn gegn sjúkdómunum auk þess sem hann verður vægari hjá þeim í hópi bólusettra sem veikjast.

– kte@bb.is

Karlar sýna lit

Þessir karlar, og margir fleiri, sýna lit og sýna þar með að þeir styðji jafnréttisbaráttuna. Mynd: Baldur Páll Hólmgeirsson.

Í tilefni af Kvennafrídeginum 25. október ætla karlar á Ísafirði og víðar á landinu að sýna að þeir styðji jafnréttisbaráttuna með því að klæðast einhverju rauðu þennan dag, hvort sem það er rautt bindi, hatti, bol, skyrtu eða einhverju öðru. Þetta gera þeir undir slagorðinu „Karlar sýna lit“. Er það liður í átaki sem Skotturnar á norðanverðum Vestfjörðum hafa hrint úr vör. „Í umræðu, aðgerðum og baráttu fyrir jafnrétti kynjanna hafa karlar oft verið lítt sýnilegir. Þetta er þó ekki til marks um að karlmenn styðji ekki almennt jafnréttisbaráttuna. Þvert á móti eru langflestir karlmenn jafnréttissinnar og vilja leggja sitt að mörkum að byggja upp réttlátt og sanngjarnt þjóðfélag,“ segir Matthildur Helgadóttir Jónudóttir ein af Skottunum. Á vegg-spjölduum sem fóru í dreif-ingu í þessari viku er eftirfar-andi áskorun: „Með því að vera í rauðu á kvennafrídaginn 25. október styðjum við konur í jafnréttisbaráttunni“.

– thelma@bb.is

Aldrei fleiri nemendur á afreksbraut

Aldrei hafa verið fleiri nemendur á afreksbraut Menntaskólans á Ísafirði en í dag á fimmta starfsári brautarinnar. „Þetta er hörkufólk sem mætir kl. 6:50 á morgnana til að æfa auk þess það æfir á kvöldin og keppir um helgar. Þetta eru bæði nemendur og þjálfarar,“ segir Hermann Níelsson íþróttakennari við MÍ sem kom brautinni á fyrir fimm árum. Þá var nemendum sem hafa áhuga á keppnis- og afreksíþróttum í fyrsta sinn boðið upp á að æfa á skólatíma samkvæmt stundaskrá, þrjá morgna í viku, og fá fyrir vikið tvær einingar til stúdentsprófs, standist þeir þær kröfur sem gerðar eru um árangur. Brautinni var komið á í samstarfið við Íþróttaakademíuna í Reykjanesbæ.

„Þetta hefur gengið vel þessi fimm ár og sérstaklega hefur verið uppgangur núna. Það sést á meistaraflokki BÍ/Bolungarvíkur, sem komst upp í 1. deild í sumar, þar eru hátt í tíu strákar af afreksbraut. Sömu sögu er að segja í körfuboltanum en t.d. eru allir í drengjaflokki KFÍ á brautinni,“ segir Hermann. Hugmyndin að baki afreksbrautinni var að koma til móts við afreksfólk í fullu námi. Ljóst er að mikilvægt er að þjálfa grunnþætti líkamans svo sem: þol, þrek, snerpu, liðleika og samhæfingu hreyfinga ásamt tækniþjálfun íþróttagreinar að morgni og fylgja því eftir með keppnislíkri þjálfun á kvöldin, en það er að sjálfsögðu erfitt fyrir fólk í fullu námi að koma því við.

Þess má geta að áður en afreksbrautin kom til hafði skólinn um nokkurra ára skeið menntað og útskrifað þjálfara í mörgum íþróttagreinum sem hlotið hafa starfsmenntun frá sérsamböndum viðkomandi íþróttagreina innan ÍSÍ. Margir viðkomandi nemenda hafa starfað sem barna- og unglingaþjálfarar íþróttafélaganna á Vestfjörðum.

Framkvæmdagleði í Heydal

Framkvæmdir við afþreyingarsalinn eru langt komnar.

Töluverðar framkvæmdir standa nú yfir hjá ferðaþjónustunni í Heydal í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Meðal annars er verið er að byggja afþreyingarsal sem ætlaður er fyrir billjard, borðtennis og aðra afþreyingu í þeim dúr. „Framkvæmdir er langt komnar og er ætlunin að klára þær fyrir vorið,“ segir Stella Gunnarsdóttir, sem rekur ferðaþjónustuna Ævintýradalinn ehf. í Heydal. „Einnig erum við að gera aðstöðu í kringum heitu pottana, svo sem búningsklefa, sturtur og gufubað.“ Að sögn Stellu kom sumarið vel út hjá ferðaþjónustunni.

„Það var aukning milli ára, sérstaklega á tjaldsvæðinu í júlí og ágúst. Það var helmingsaukning milli ára eða úr 101 gistinótt árið 2009 og 219 í ár. Einnig var aukning í gistingu milli ára, það fjölgaði í júní og ágúst en fækkaði hins vegar í júlí. Annars var líka mjög gott ferðaár í fyrra.“ Stella segir að nú séu að hefjast norðurljósaferðir á staðnum en þær sækir ferðamenn frá Þýskalandi og Bretlandi.

Um tugur manns starfa við ferðaþjónustuna yfir sumartímann en færri starfa yfir vetrartímann. Boðið er upp á afþreyingu af ýmsu tagi í Heydal, t.d. eru þar nokkrir hestar sem hægt er að leigja í útreiðatúra. Einnig er hægt að fara í kajakferðir, gönguferðir, veiðiferðir í vötnum upp á heiði auk þess sem náttúrulegur heitur pottur er á staðnum.

– thelma@bb.is

Vill kanna hæfi nefndarmanna

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að kanna stöðu nefndarmanna í hafnarstjórn hvað varðar hæfi þeirra til setu í nefndinni. Var það samþykkt í kjölfar bréfs sem Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG sendi bæjaryfirvöldum þar sem hann óskaði eftir rökstuðningi um hvort nefndarmenn í hafnarstjórn séu hæfir til þeirra starfa og hvort um þá gildi ekki neinar vanhæfisástæður.

„Markmiðið með þessum hæfnisreglum er að stuðla að málefnalegri stjórnsýslu og að fólk geti treyst því að sveitarfélagið leysi úr málum á hlutlægan hátt. Virðing fyrir almennum hæfisreglum í stjórnsýslunni er þannig nauðsynlegt skilyrði fyrir eðlilegum samskiptum við stjórnsýsluna. Það er því mikilvægt að tryggt sér að til setu í hafnarstjórn veljist einstaklingar sem ekki eiga mikilla hagsmuna að gæta af starfsemi hafnarinnar“ segir í bréfi Einars.

Tveir réttir sem svínvirka

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo ljúffenga rétti. Sá fyrri er þorskur með gráðosti og eplum. „Þessi er sára einföld og svínvirkar," segir Atli um uppskriftina. Einnig býður hann upp á súkkulaðiköku sem hann segir að bræði hjörtu.

Þorskur með gráðosti og eplasósu

Eplasósa:

2 græn epli skræld og kjarn hreinsuð
1/2 bolli hvítvín
2 rif hvítlaukur , skrældur og saxaður
1 hvítur laukur, skrældur og saxaður
1 msk ljóst hunang
Salt
Pipar

Laukurinn og hvítlaukurinn er svitaður í potti þar til að hann er orðinn mjúkur og meir. Epli, hvítvíni og hunangi er þá skellt í pottinn og soðið á rólegum hita í ca 25 mín. Þegar eplin eru mauksoðin er gott að hræra aðeins í pottinum með písk (þannig að eplin maukist). Kryddað til með salt og pipar.

Þorskurinn er settur í ofnskúffu og kryddaður með salt og pipar og gráðaostinum er brotinn yfir fiskinn og bakað í 8-12 mínútur.

Gott er að bera þennan rétt fram með soðnu kartöflu smælki og fersku salati.

Súkkulaðikaka sem að bræðir hjörtu

4 egg
130 g sykur
120 g dökkt súkkulaði
50 g núggat
100 g smjör
50 g hveiti

Egg og sykur er þeytt saman þar til létt og ljóst. Á meðan er súkkulaði núggat og smjör brætt saman í vatnsbaði. Þessu er svo blandað saman og hveitið er að lokum sigtað yfir. Deiginu er skellt í kaffi bolla og bakað í ofni við 170 gráður í 7-12 mín.

Ég ætla að skora á Sigrúnu S. Óskarsdóttir á Flateyri sem næsta sælkera vikunnar.

Sælkerinn

Sælkeri vikunnar er Atli Ottesen á Flateyri.

Þröstur túrar um Vestfirði

Vestfirski tónlistarmaðurinn Þröstur Jóhannesson hóf í síðustu viku tónleikaferð um Vestfirði til að kynna þriðju sólóplötu sína „Svo langt sem það nær". Þröstur hefur þegar komið fram á Suðureyri, í Bolungarvík og á Tálknafirði og um næstu helgi verður hann á Vegamótum á Bíldudal. Þröstur treður upp einn síns liðs með kassagítarinn og kynnir nýtt efni í bland við eldra.

Föstudaginn 29. október kemur hann fram á Café Riis á Hólmavík og daginn eftir í Vagninum á Flateyri. Tónleikaferðinni lýkur síðan 6. nóvember í Bryggjusal Endinborgarhússins á Ísafirði. Tónleikaferðin er styrkt af Menningarráði Vestfjarða og er ókeypis inn en fyrri sólóplötur Þrastar verða til sölu á öllum tónleikunum.

Friðrik Ómar ❁ Garðar Thór Cortes ❁ Jóhann Friðgeir
Hera Björk ❁ Ragnheiður Gröndal ❁ Regína Ósk
Hrynsveit Frostrósa - Strengjakvartett Frostrósa - Barna- & Skólakór Snæfellsbæjar - Sönghópur
úr grunnskólum Akraness - félagar úr Stúlknakór Reykjavíkur ❁ Tónlistarstjóri: Karl O. Olgeirsson

2010

Frostrósir

Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi

Ísafjarðarkirkja 2. desember kl. 21:00

Miðasala hefst 20. okt. kl. 10:00 á **midi.is**

Sérstök forsala fyrir þá sem skráðir eru á póstlistann á frostrosir.is og vini Frostrósa á Facebook verður 19. október og hefst kl. 10:00. Skráðu þig og vertu með...

Nánar á frostrosir.is

Kringlan

FLUGFÉLAG ÍSLANDS